

Áköf skynsemistrú

Páll Skúlason:
Pælingar.
Safn erinda og greina, 399 bls.
Ergó, Reykjavík 1987.

Rauði þráðurinn í hinu nýja greinasafni Páls Skúlasonar heimspækiprofessors er, að heimspekileg samræða sé okkur lífsnáðsynleg. Maðurinn verði að standa sjálfum sér og öðrum skil á því með einhverjum rökum, hver sé tilgangur hans í tilverunni. Hugsunarleysið sé verst óvinur hans. Maðurinn megi ekki tyna sjálfum sér í skarkala heimsins. Þetta er allt gott og blessað. Og margt það, sem Páll leggur til samræðunnar, er ákaflega skynsamlegt og vel ígrundað. En óneitanlega læddist að mér sá grunur, þegar ég fletti bók Páls, að hann ætti með samræðunni stundum við einræðu sjálfs sín. Hann virðist ekki alltaf hlusta nægilega gaumgæfilega á aðra eða leitast við að skilja sjónarmið þeirra. Hér skal ég nefna dæmi.

Hvernig eigum við að skipta kostnaði?

Menn geta iðkað heimspeki á eigin kostnað eða annarra. Ef þeir gera það á eigin kostnað, þá þurfa aðrir ekki að kvarta. Ef þeir stunda heimspeki hins vegar á annarra kostnað, þá þurfa þeir að rökstyðja það fyrir þeim. Verið getur, að þeim tækist það. En Páll virðist hins vegar alfarið hafna því, að hann þurfi að rökstyðja það (þótt hann sé annars ákaflega hlyntur öllum rökræðum). Krafan um það, að menn geri sjálfum sér og öðrum

grein fyrir kostnaðinum af því, sem þeir taka sér fyrir hendur, jafngildir þó að sjálfsgöðu ekki þeirri skoðun, að markaðsgildi gæða sé eina gildi þeirra, þannig að þau séu því betri sem þau séu vinsælli með neytendum. Þá skoðun getur enginn upplýstur maður haft.

Var íslenska þjóðveldið ríki?

Í greininni „Hvað eru stjórn-mál?“, sem hefur áður birst í sérstökum bæklingi, fullyrðir Páll Skúlason (bls. 357), að án ríkisins sé samfélagið óhugsandi sem stjórnarfragsleg heild. Ég hef áður látið opinberlega í ljós efasemdir um þessa fullyrðingu Páls, en hann tekur – þrátt fyrir ofurást sína á heimspekilegri samræðu – ekkert tillit til þeirra. Í fyrsta lagi eru til stjórnleysingjar, sem halda því fram, að ríkið sé ónáuðsynlegt, þar sem einstaklingarnir geti hugsanlega leyst úr öllum málum með frjálsum samningum á markaði. Þeir færa mörg og hugvitsamleg rök fyrir máli sínu. Einn þeirra er David Friedman, sem hefur haldið fyrirlestra hér á landi. Ég er ekki sammála þeim, en engin ástæða er til að hafna kenningu þeirra umhugsunarlaust. Þótt án ríkisins sé samfélagið ef til vill óframkvæmanlegt sem stjórnarfragsleg heild, merkir það ekki, að það sé óhugsandi.

Í öðru lagi ber að minna á íslenska þjóðveldið frá 930 til 1262, sem er okkur Íslendingum óneitanlega nærtækt (þótt Eric Weil, sem Páll sækir margt til í þessari rit-



Páll Skúlason prófessor „...virðist ofmeta þá skynsemi, sem býr í hverjum einstaklingi og laða má fram með heimspekilegri rökræðu“.

Bókmenntir

Hannes H. Gissurarson

gerð, hafi líklega ekki frétt af því). Enginn vafi er á því, að það var stjórnarfragsleg heild. En það var ekkert ríki í venjulegustu merkingu. Ég er sjálfur þeirra skoðunar, að íslenska þjóðveldið hafi verið ríki í skilningi Hegels, þar sem það

var einingarafi og allir lutu sömu lögunum. En það var svo sannarlega ekki ríki í skilningi Webers (sem Páll vísar einmitt til á einum stað í þessari ritgerð), því að hér var engin ein stofnun, sem hafði einkarétt á beitingu valds. Aðalatriðið er þó, að þetta er álitamál, svo að Páll getur ekki slegið slíkri fullyrðingu fram rakalaust, sist eftir að hún hefur verið vefengd opinberlega.

Heimspekin og skynsemin

Þessar aðfinnslur eru ekki stórvægilegar, og ég er vissulega sammála Páli Skúlasoni um margt. Í mannvísindum getum við sjaldan vegið fyrirbærin og mælt með sama hætti og í náttúruvísindum, heldur verðum við að leitast við að skilja þau. En við getum ekki skilið þau nema með því að öðlast vald á þeim hugtökum, sem hafa orðið til í aldanna rás. Við komumst þess vegna aldrei út úr hinni mannlegu vitund. Í vissum skilningi eru öll viðfangsefni mannvísindanna vitundarfyrirbæri. Þar á frekar við túlkun ólíkra kenninga en sannpröfun þeirra. Páll gerir mæta vel grein fyrir þessu. En ég skal játa, að ég er ekki eins eindreginn skynsemistrúarmaður og hann er (að minnsta kosti sums staðar í þessari bók). Mér virðist, að hver einstaklingur ráði aðeins yfir mjög litlu broti sannleikans og að við kunnum engin ráð til að leggja öll þessi sannleiksbrot saman. Stórisannleikur er af þeim sökum vart innan seilingar.

Jafnframt því sem Páll virðist ofmeta þá skynsemi, sem býr í hverjum einstaklingi og laða má fram með heimspekilegri rökræðu, vanmetur hann að mínum dómi þá skynsemi, sem kann að búa í síðum okkar og venjum og hafa má til marks um reynsluvit kynslóðanna. Slíkum síðum og venjum má líkja við trúninga, sem smám saman hafa myndast um óbyggðir og auðvelda okkur að rata um þær. Oft reynast slíkir trúningar miklu betur en sú daufa skynsemistýra, sem hverjum og einum okkar er gefin. Ég leyfi mér því að efast um þá kenningu, sem Páll heldur fram af miklu kappi (t.d. á bls. 67-92), að rangt sé að trúa hlutum á ófullnægjandi forsendum. Er ekki rétt að treysta arfhelgum reglum, þangað til aðrir betri koma í ljós? Hér er Hume betri leiðsögumaður en Descartes, hygg ég.

Fengur að ritinu

Páll Skúlason virðist halda, að þeir, sem hafna ákafri skynsemistrú hans, neyðist til að hlaupta í hinn kalda faðm sjálfðæmishyggju og tómhyggju. Ég held af ofangreindum ástæðum, að þetta sé rangt. Við höfum sögulega reynslu okkar við að styðjast. En hvað sem öllum heimspekilegum ágreiningi okkar Páls líður, er fengur að þessu riti, þótt það sé greinasafn fremur en heildstætt heimspekiverk. Yfir bókinni er að mörgu leyti geöfelliur blær öfgaleysis og íhygli, og það verður enginn verri maður á að lesa hana.

Lindgren – engum lík

Rasmus fer á flakk.
Höfundur: Astrid Lindgren.
Þýðandi: Sigrún Árnadóttir.
Útgefandi: Mál og menning, 1987.

Út er komin ný þýðing á bók Astrid Lindgren, Rasmus på luffen, sem kom út í Svíþjóð 1956 og í íslensku þýðingu Jónínu Steinþórsdóttur 1963 undir nafninu Strokudrengurinn (undirtitill: Rasmus á flakki með Paradisár Óskari). Fyrir þessa bók hlaut Astrid Lindgren H.C. Andersens verðlaunin 1958 og var annar höfundurinn sem var sæmdur þeim.

Leit að samastað

Í þessari bók fjallar Astrid Lindgren sem oftast um hið umkomulausa, fátæka barn sem á allt undir að finna kærleika í kærleikslausri veröld.

Rasmus er foreldralaus 9 ára drengur sem býr á munaðarleysingjaheimili, orðinn úrkula vonar um að verða valinn af tilvonandi fósturforeldrum, fólk sem kemur að velja sér börn vill þá bara „hrokkinhærðar stelpur“. Og úrkula vonar um að öðlast nokkru sinni ástúð eða viðurkenningu. Yfirvofandi hýðing fyllir mæli örvaentingar hans, hann strýkur og slæst í för með flakkara. Með Útigangsskarakari lendir Rasmus í æsilegum ævintýrum en eignast loks samastað í lokin og von um bjarta framtíð.

Á vegferð sinni kynnist Rasmus miskunnarleysi heimsins en hann kemst líka að því að veröldin á sínar björtu hliðar.

Tvær samstíga sálir

Astrid Lindgren er engum höf-



Astrid Lindgren.

Bókmenntir:

Hildur Hermóðsdóttir

undi lík. Hljá hennar og skilningur í garð barna og næmleiki á fjölbreytileika mannlífsins og náttúrunnar endurspeglast í þessari bók eins og svo mörgum bókum hennar öðrum. Einsemd 9 ára snáðans Rasmusar er átakanleg og hrjúfi klunnalegi flakkarinn, Óskar, birtist sem andstæða litla, veikbyggða drengsins en um leið hliðstæða. Það er sama hversu stór og sterkur maður er, einsemd manns í veröldinni er söm og fegurðar- og frelsisþráin óviðráðanleg. Hið eina sem getur haldið aftur af

henni er kærleikur og vinátta.

Þegar Óskar og Rasmus gerast félagar sameinast tvær samstíga sálir og þá er ljúft að gefa eitthvað af sjálfum sér eins og kemur fram í orðum flakkarans óstöðvandi: „Ég ætla að biðja himnaföðurinn að losa mig við flökkunáttúruna og láta mig hafa leiguliðablóð í staðinn.“ (bls. 209)


Sumaranga

Maður og náttúra eru eitt í þessari sögu. Maðurinn er hluti af náttúrunni og náttúran vettvangur mannsins. Þessi samhljómun er alltaf sjálfsgöð hjá Astrid Lindgren og kemst afar vel til skila í þýðingu Sigrúnar Árnadóttur. Rasmus kemst að því að náttúran býður upp á annað og meira en kartöflu- og netlugarða.

„Hann lá í blóðbergsbreiðu og þægilega kryddangan lagði að vitum hans. Einivíðarrunnarnir ilmuðu líka þægilega þegar sólin vermdi þá. Úr öllum áttum barst sumaranga. Já, til æviloka yrði ilmur af blóðbergi og sólvermdum einivíðarrunnum samofinn sumri og flökkulífi í huga Rasmusar.“ (62)

Það er sannarlega sumarilmur af þessum texta bæði frá hendi höfundar og þýðanda. Safaríkur er hann einnig og ber í sér ótal umhugsunarefni. Því er mikill fengur að þessari nýju þýðingu. Astrid Lindgren svikur engan, hvorki börnin, sem vilja skemmtum og spennu, né foreldrana sem gefa sér tíma til að lesa með börnunum.

Bókin er prýdd léttum teikningum eftir myndlistarmanninn Eric Palmquist og prentuð með góðu letri á vandaðan pappír.



Lýður Sigurðsson – Hæna, 1987.

DV-mynd Brynjar Gauti

Ísbirnir á hraða (h)ljóðsins

Ungur og sjálfmenntaður listamaður frá Akureyri, Lýður Sigurðsson að nafni, sýnir sjaldséða myndlist á vesturgangi Kjarvalsstaða, nefnilega „handgerðar ljósmyndir“, svo notuð sé skilgreining franskra surrealista á verkum hinna „raunsærri“ málara í þeirra hópi: Dalí, Magritte, Delvaux.

Nánar tiltekið eru þessar myndir Lýðs sambærðingur úr verkum Errós og Magritte en innihalda þar að auki drjúgan skammt af persónulegum gálgaþúmor.

Þessi húmor snýst aðallega um tvenns konar fyrirbæri, tæknivæðingu ýmiss konar og dýraríkið, jafnvel hvort tveggja í senn, sjá fræga mynd Lýðs af ísbjörnum við stjörnvöl flugvélar. Raunar eru ísbirnir Lýði sérstaklega hugleiknir því þeir eru fyrirferðarmiklir í nokkrum öðrum myndum hans.

En það vantar kannski soldið á að húmor Lýðs hafi þá spaklegu vídd sem nægir til að gera verk hans ann-

Myndlist

Aðalsteinn Ingólfsson

að og meira en nákvæmlega útlistaða brandara.

Okkur er alveg óhætt að dást að þeirri tækni sem hann hefur komið sér upp og háþróað en á hinn bóginn er ansi litla endurómun að finna í verkum hans við þriðja eða fjórða „horf“, svo notað sé mál fjölmíðlunga.

Sjálfum þótti mér Lýður fyndnastur þar sem hann sníður niður nautið og matreiðir meðan það stendur við stabbann og naslar heyvísk.

Sú mynd á hvergi heima nema í höfuðstöðvum SS. Mynd Lýðs af manninum með risahænu í bandi gæti svo hentað Félagi alifuglabænda.